

Krossnes

Guðmundur Bergsson skráði svör við spurningum varðandi örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar.

1. Nafnið er Barnholt (3), og sagan segir, að þar hafi fundizt útburður.
2. Mór var þurrkaður á Móholti (4) og var hann stunginn í austur og suðaustur af holtinu, ca. 4-6 stungur, og þótti mjög góður.
3. Greinileg merki sjást um Vatnsstekk (6), en hann er ekki í Krossneslandi. Hann er sunnan Merkjaklappar og er í Rimabæjarlandi.
4. Ekki er vitað, við hvern Karlshús (10) eru kennd.
5. Nafnið Skötunes (12) er dregið af fiski, sem þar á að hafa fundizt rekinn og líktist skötu, nema hann var með þrjá hala. Sagnir voru um, að neðanjarðargöng væru á milli vatnsins og sjávar (en trúlega er nafnið dregið af lögun nessins).
6. Hjörtu (17) eru grænir grasblettir í dökku móberginu og draga nafn af lögun sinni.
7. Munnmæli eru um, að biskupinn hafi villzt af leið í þoku og haldið til undir Biskupssteini (18) þar til birti.
8. Skeggjaklöpp (32) heitir trúlega svo, vegna þess að hún er vaxin grófgerðum fjörugróðri, sem kallað er þursaskegg.
9. Nafnið Þjófasker (44) er til komið af því, að sjór flæddi kringum skerið og kindurnar urðu innlyksa á því, og þannig stal skerið fé bænda.
10. Í Skothúsvík (48) sjást greinilega ummerki um skotbyrgi.
11. Ekki koma fram í skránni öll örnefni, sem þekkt eru í landareigninni.

Jónína Hafsteinsdóttir gekk frá handriti.